

Landskjörstjórn
Alþingi við Austurvöll

sent í e-mail: laufeyhella@althingi.is

Reykjavík, 27. september 2021

Efni: Svar við beiðni landskjörstjórnar um upplýsingar um talningu, meðferð kjörgagna og upplýsingagjöf til umboðsmanna framboðslista

Yfirkjörstjórnir Reykjavíkurborgar norður og suður vísa til erindis landskjörstjórnar er barst oddvitum kjörstjórnanna í tölvupósti í dag kl. 15:14.

Við meðferð kjörgagna, framkvæmd flokkunar og talningar atkvæða í kjördæmunum við alþingiskosningarnar sem fram fóru 25. september sl. var fylgt verklagi er viðhaft hefur verið við slíkar kosningar við fjölmargar fyrri alþingiskosningar. Sama máli gegnir um samskipti við umboðsmenn sem þó eru nú með árunum orðin fastmótaðri og skipulagðari en áður var. Verður hér að neðan gerð grein fyrir einstökum atriðum varðandi fyrirspurnina.

1. Framkvæmd flokkunar og talning atkvæða

Í greinargerð þessari er lýst flokkun og talningu atkvæða frá því atkvæðakassar komu á talningarstað í Laugardalshöll og þar til talningu lauk.

Við undirbúning kosninganna höfðu yfirkjörstjórnir skipað einn talningarstjóra í hvoru kjördæmi ásamt aðstoðarmanni hvors um sig. Í vikunni fyrir kjördag komu talningarstjórar á fund yfirkjörstjórna ásamt því að oddvitar beggja kjörstjórna heimsóttu Laugardalshöll sameiginlega og kynntu sér aðstæður í talningarsal sem var um það bil helmingur nýju íþróttahallarinnar. Útbúin var teikning af svæðinu er yfirkjörstjórnir höfðu til umræða. Sérstakur starfsmaður hafði með höndum umsjón húsnæðisins og var hann að störfum frá morgni kjördags, m.a. við að loka af, læsa og innsigla inngönguleiðir í talningarsalinn, utan þeirra dyra sem starfsmenn notuðu vegna vinnu sinnar.

Á svæðinu voru girt af tvö talningarsvæði, eitt fyrir hvort kjördæmi. Inn fyrir þau mörk skyldi enginn fara nema starfsmenn við flokkun og talningu, starfsmenn yfirkjörstjórnar og yfirkjörstjórnarmenn sjálfir. Milli hinna afgirtu talningarsvæða var girt af svæði ætlað umboðsmönnum. Utan þessara svæða var aðgengi fyrir almenning.

Fyrir kl. 18 höfðu borist á talningarstað atkvæðakassar er staðið höfðu í kjördeild frá opnun kjörfundar og þar til skipt var um kassa í kjördeildum á tímabilinu frá kl. 17.00 til u.þ.b. 17.30. Kl. 18:05 var talningarsal lokað og læst og hann innsiglaður. Í hvorum hluta salar voru þá talningarstjórar, einn á hvoru talningarsvæði auk aðstoðarmanns, starfsmenn við afstemningu, flokkun og talningu. Í talningarsal voru einnig starfsmenn Reykjavíkurborgar sem aðstoðað hafa báðar yfirkjörstjórnir í aðdraganda kosninga sem og við framkvæmd þeirra á kjördag, flokkun, uppgjör og talningu. Þá voru tveir fulltrúar yfirkjörstjórna á hvoru talningarsvæði.

Hófst nú vinna samkvæmt því er að neðan greinir.

Á sérstöku svæði á hvoru talningarsvæði sátu fjórir starfsmenn saman við borð sem þeir einir höfðu til umráða en nokkur slík borð voru á hvoru svæði fyrir sig. Atkvæði voru tekin úr hverjum kjörkassa og fjöldi þeirra borinn saman við tölu er rituð hafði verið á eyðublað sem undirkjörstjórn fyllti út í tvíriti og og sendi auk þess rafrænt til starfsmanna yfirkjörstjórnar. Þannig var fjöldi atkvæða í kassanum stemmdur af við fjölda afhentra atkvæða/atkvæða sem setja hefði átt í kassann. Ef ekki stemmdi voru seðlar taldir aftur. Niðurstöður afstemmingar þessarar voru færðar í sérstakt skjal.

Því næst var kjörseðlum úr kössunum blandað í sérstaka kistu þannig að atkvæði úr hverri kjördeild dreifðust. Að blöndun lokinni voru atkvæði færð af starfsmanni yfir á borð sem við sátu starfsmenn er flokka seðlana eftir því hvaða lista atkvæði er greitt. Kallast þetta flokkun. Sérstakir bunkar eru fyrir breytt atkvæði, auða seðla, ógilda seðla og vafaatkvæði.

Að flokkun lokinni færðu starfsmenn bunkana yfir á borð þar sem sátu starfsmenn við yfirferð þeirra, sem kölluð er "yfirferð 1". Þessi aðgerð er endurtekin og kallast hún „yfirferð 2“. Tilgangur þessa er að ganga algerlega úr skugga um að atkvæði séu rétt flokkuð eftir því hvaða lista þau tilheyra.

Að þessu loknu færðu talningarstjórar hvern bunka á fráleggsborð þar sem hver hópur seðla var aðgreindur með grindum. Starfsmenn við talningu fengu síðan bunka til talningar. Starfsmenn við talningu eru paraðir, hvert par vinnur saman þannig að annar starfsmaðurinn tekur við bunka frá hinum og eru öll atkvæði þannig að minnsta kosti tvítalin. Í talningu voru myndaðir bunkar með 100 atkvæðum og sett teygja um hvern bunka. Starfsmaður færir svo hvern bunka á annað fráleggsborð, sérstaklega ætlað fyrir talin atkvæði, þar sem bunkar stóðu óhreyfðir þar til vinnu á staðnum lýkur. Niðurstöður talningafólks um talningu hvers bunka eru færðar í skjal sem talningastjórar halda utan um.

Vafaatkvæði voru færð á borð þar sem yfirkjörstjórn hafði aðsetur. Tímasetningar og/eða afstöður varðandi úrskurði um vafaatkvæði og upplýsingar um viðveru og aðkomu umboðsmanna koma

fram í fundargerðum yfirkjörstjórna. Eftir að úrskurður hafði verið lagður á vafaatkvæði voru þau færð af yfirkjörstjórn í viðeigandi bunka hjá starfsmönnum í yfirferð. Þau atkvæði sem hafði orðið ágreiningur um og senda þarf til ráðuneytis að lokinni talningu voru auðkennd þannig að við þau var fest eyðublað með skýrslu um úrskurð um það atkvæði. Við lok talningarvinnunnar mun yfirkjörstjórn á fyrirhuguðum fundi á morgun, 28. september, búa um atkvæði þessi með lögboðnum hætti í samræmi við ákvæði laga um kosningar til Alþingis.

Er talningu atkvæða úr síðari atkvæðakössum var lokið kynnti oddviti yfirkjörstjórnar niðurstöður um fjölda atkvæða og skiptingu þeirra.

Á bilinu kl. 23:00 til 01:00 bárust á talningarstað þeir atkvæðakassar er staðið höfðu í kjördeildum síðari hluta þess tíma er kjörstaðir voru opnir. Var sama verklag haft við afstemmingu, flokkun og talningu atkvæða úr þessum kössum og hinum fyrri. Í þessum kössum voru jafnframt utankjörfundaratkvæði úr viðkomandi kjördeild í samræmi við ákvæði 93. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000. Var sama verklag haft við meðferð þeirra eftir því sem við á. Skurðarvél var notuð til að skera upp kjörseðilsúmslögin, atkvæðin tekin úr úmslögum og flokkuð í bunka. Starfsmenn yfirfóru hvort nokkur atkvæði leyndust í úmslögum eftir að úmslögin höfðu verið tekin til hliðar.

Oddviti kynnti niðurstöður talningar eftir talningu kjörfundaratkvæða úr síðari kössunum og loks lokaniðurstöður talningar eftir að talin höfðu verið utankjörfundaratkvæði og öll vafaatkvæði.

2. Meðferð kjörgagna frá því að kjörgögn bárust yfirkjörstjórnunum til talningar og þar til talningu var lokið

Í lýsingu hér að framan undir lið 1 kemur fram hvernig meðferð kjörgagna var háttað við afstemmingu, flokkun og talningu atkvæða er lögð voru í atkvæðakassa.

Í hverjum kosningum er nokkur fjöldi utankjörfundaratkvæða sem ekki eru lögð í atkvæðakassa en þar er um að ræða atkvæði er undirkjörstjórnir við yfirferð skv. 90. gr. laganna telja vafa um að taka eigi til greina, sbr. 91. gr. Við komu hverfiskjörstjórnar á talningarstað að kosningu lokinni afhenda þær starfsmönnum yfirkjörstjórn úmslög með umræddum sendingum. Starfsmenn yfirkjörstjórnar yfirfara fylgibréf með þeim atkvæðum sem hér um ræðir og hafa við það aðstöðu á sérstöku afmörkuðu svæði. Yfirkjörstjórn fer síðan yfir þessi kjörgögn í einu lagi og úrskurðar um þau. Eftir að úrskurður liggur fyrir eru gild atkvæði meðhöndluð eins og önnur utankjörfundaratkvæði en þeim atkvæðum er ekki koma til álita sökum annmarka er haldið sér.

Sérstakt uppgjörsskjal er haldið um afstemmingu á fjölda greiddra atkvæða samkvæmt kjörskrá, fjölda talinna atkvæða og fjölda atkvæða er ekki eru tekin til greina við talninguna.

Að lokinni talningu voru atkvæðaseðlar varðveittir undir umsjón yfirkjörstjórnar, fyrst í læstum talningarsal en síðan í lokuðu rými í ráðhúsinu undir innsigli, en þangað voru gögnin flutt að morgni sunnudags. Öryggisvörður á vegum yfirkjörstjórnar var fyrir utan talningarsalinn fram að flutningi. Flutning önnuðust starfsmenn Reykjavíkurborgar.

3. Boðun og upplýsingagjöf til umboðsmanna framboðslista

Við móttöku framboðslista dagana 8. og 10. þ.m. var gengið eftir því að framboðin tilgreindu umboðsmenn framboðslista. Starfsmenn yfirkjörstjórnar tóku síðan við tilkynningum framboðanna um breytingu á því hverjir gegna starfi umboðsmanna en slíkar breytingar eru algengar. Gerður var listi yfir umboðsmenn í hvoru kjördæmi til afnota fyrir kjörstjórnir og starfsmenn þeirra. Kjörstjórnirnar tilefndu tvo starfsmenn sem eru tengiliðir kjörstjórna við umboðsmenn en þeir hafa báðir mikla reynslu af störfum við kosningar.

Í vikunni fyrir kjördag héldu framangreindir tengiliðir fund með umboðsmönnum þar sem farið var yfir efni lagaákvæða um hlutverk umboðsmanna við kosningarnar og útskýrt fyrir þeim hvernig starfið á kjördag gengur fyrir sig. Tengiliðirnir hittu einnig þá umboðsmenn sem mæta í ráðhús Reykjavíkur við upphaf kjördags þegar hverfiskjörstjórnir sækja kjörgögn. Tengiliðirnir eru að störfum á kjördag og svara fyrirspurnum umboðsmanna eftir þörfum. Umboðsmönnum var afhent hefti, útgefið af dómsmálaráðuneytinu, með leiðbeiningum fyrir kjörstjórnir og umboðsmenn vegna úrskurðar um vafaatkvæði.

Þegar talning hófst fyrir opnum dyrum í Laugardalshöll, uppúr kl. 22.00 að kvöldi 25. september sl., hafði umboðsmönnum verið úthlutað sérstöku svæði þar sem þeir gátu dvalið og fylgst með talningu. Þegar yfirkjörstjórn kemur saman til að úrskurða um vafaatkvæði er kallað í umboðsmennina og þeir sem þess óska eru viðstaddir úrskurð kjörstjórnarinnar. Sl. laugardag var umboðsmönnum gerð grein fyrir því að ekki yrðu send út sérstök boð þegar hafist yrði handa um þetta verkefni heldur yrðu þeir að vera í salnum til að fá slík boð. Ritari yfirkjörstjórnar sá um að fá undirritanir umboðsmanna varðandi ágreining sem gerð var við niðurstöðu kjörstjórnarinnar. Um aðkomu umboðsmanna að störfum yfirkjörstjórna vísast til fundargerða.

4. Afrit af fundargerðum yfirkjörstjórna frá kjördegi

Meðfylgjandi eru umbeðin afrit beggja fundargerða yfirkjörstjórna.

Virðingarfyllt,

f.h. yfirkjörstjórnar Reykjavíkurkjördæmis suður

f.h. yfirkjörstjórnar Reykjavíkurkjördæmis norður

Heimir Örn Herbertsson, oddviti

Erla S. Árnadóttir, oddviti